



Leopoldo Calvete, Kristjana Árnadóttir, og Sylvia, dóttir þeirra

Fannst þetta vera óttalegur draumur

Rætt við hjón, sem bjuggu í Vestmannaeyjum er gosið hófst

— Ég var búinn að heyra svo mikið um náttúrufergurð Íslands hjá sambýlismanni mínum, sem var íslenskur piltur, þegar ég dvaldi í Kaupmannahöfn, að þegar ég dvaldi í Kaupmannahöfn, að mig langaði til að sjá þetta land í norðrinu með eigin augum, en ég var ekki það auðugur, að ég gæti leyft mér slíkt ferðalag, án þess að vinna. . .

Ekki er það Dani, sem segir þessa setningu, heldur Spánverji, Leopoldo Calvete, sem búið hefur á Íslandi í um það bil sjö ár, þar af lengstum í Vestmannaeyjum, en varð eins og aðrir að yfirgefa Eyjar, þegar náttúruhamfarirnar hófust þar, hinn 23. jan. sl., ásamt konu sinni, Kristjönu Árnadóttur, ættaðri frá Vopnafirði, og tæplega ársgamalli dóttur, innfæddum Vestmannaeying, Sylvíu að nafni. Sem stendur búa þau að Völlum í Garði, og þegar við litum inn hjá þeim var einmitt verið að halda upp á eins árs afmæli Sylvíu litlu, með rjómatertu og tilheyrandi, og tók hún svo óspart til matar síns, að munnurinn hafði ekki við að taka á móti, kinnarnar fengu því sinn skammt, eins og títt er hjá börnum.

— Ástæðan til þess að ég kom til

Vestmannaeyja var sú, að hinn íslenski kunningi minn í Kaupmannahöfn, sem raunar var óþreynnadi á að sýna mér myndir frá ættjörð sinni, benti mér á, að bezt væri að fara til Eyja í atvinnuleit. Ég hafði því skamma viðdvöl í höfuðborginni og hélt til Eyja og fékk strax vinnu í Hraðfrystistöðinni, hjá Einari ríka, g þar hef ég unnið síðan, að undanskildum nokkrum mánuðum í síld, á Raufarhöfn og Seyðisfirði.

Satt bezt að segja, þá ætlaði ég alls ekki að dvelja hérna mjög lengi. Ferðinni var heitið til Canada, en ég kundi það vel við mig hér á landi, að áhuginn dvínadði fljótt. Hérna hafði ég líka ávallt nóg að starfa. Mér fannst því ekki ráðlegt að halda út í óvissuna vestra, og fór hvergi. Ég hafði nú einu sinni ákveðið það, að þegar ég kvæntist, þá yrði það spönsk kona, sem gengi með mér upp að altarinu, en ástin spyr ekki um þjóðerni þegar hún kemur yfir menn, það veit ég núna. Í Hraðfrystistöðinni kynntist ég Kristjönu og við felldum hugi saman og hún ól mér dóttur fyrir ári síðan. Við bjuggum í Vestmannaeyjum hjá Sigurði Bjarnasyni, miklum ágætismanni, en svo

kom gosið og við urðum að yfirgefa Eyjarnar í skyndi.

— Ég var ekki mjög óttasleginn. Ég hafði lesið dálítið um eldgos og var ekkert hræddur um að hraun og aska myndi granda okkur. Aftur á móti var ég smeykari við eittraðar lofttegundir, svo og jarðskjálfta, enda yfirgáfum við húsið strax og héldum út á götu og gengum svo niður að höfn, eins og aðrir bæjarbúar.

— Það var erfitt að trúá því, að gos væri hafið, sagði Kristjana, er við snerum tali okkar til hennar. — Við vorum vakin með því að barið var á gluggann. Einhver sagði að það ætti upptök sín í miðjum bænum, en sem betur fór reyndist það á misskilningi byggt. Ég greip með mér nokkrar bleyjur á barnið og pelann, og flýtti mér út með Sylvíu litlu, af ótta við að húsið gæti hrunið, ef jarðskjálfti kæmi. Allt gerðist svo fljótt, að ég áttaði mig alls ekki á hlutunum. Meira að segja eftir að við vorum komin um borð í bátinn, sem flutti okkur til Þorlákshafnar, óskaði ég þess, að mig hætti að dreyma þennan óttalega draum. Þótt ég sæi berum augum, hvar eldsúlurnar stígu í átt til himins upp frá Heimaey, gat ég ekki trúað að það væri raunveruleiki. Það var eiginlega sjóveikin, sem vakti bæði mig og Leopoldo til meðvitundar um, að við værum í raun og veru á leið frá Eyjum, og ekki fór Sylvía litla heldur varhluta af henni.

— Já, ég undrast það mjög, sagði Leopoldo, — hvað allir hafa brugðið skjótt og vel við, og vil mjög gjarnan koma því á framfæri, hvað Íslendingar eru hjálpsamir og fljótir til og ósérhlífir, ekki hvað sízt Rauði krossinn, sem veitt hefur okkur ómetanlega aðstoð. Það er mikið öryggi fyrir landsmenn að hafa slíka stofnun. Ástæðan til þess að við erum hérna út í Garði, er kannski svolítið sérstæð, en hugljúf. Síðan við Kristjana hófum búskap, höfum við leigt hjá Sigurði Bjarnasyni, öldruðum ekkjumanni. Eftir eldgosið fluttist hann til skyldmenna sinna í Garðinum og fékk þar einnig vinnu, en hann hafði tekið svo miklu ástfóstri við Sylvíu litlu, að hann mátti varla af henni sjá, svo að við leituðum eftir að komast í nábyli við hann. . . .

Óþarft er að geta þess, að Sigurður var mættur í afmælisboðið, og þegar afmælisbarnið, Sylvía, var búin að borða nægju sína af kræsingunum, fannst henni öruggast að halla höfði sínu að Sigurði

þegar forvitinn fréttaskrifari fór að gjóa til hennar augunum — jafnvel þótt eitt-hvað væri eftir í kringum munninn.

— Ég er fæddur á norður-Spáni, sagði Leopoldo, þegar hann var beðinn að segja örlítið frá fyrri dögum, — nánar tiltekið í Bilbao, en seinna fluttumst við til lítils bæjar rétt við borgina, þar sem foreldrar mínir búa enn. Við erum fimm systkinin, tvær systur og þrír bræður, sem öll eru búsett á Spáni, nema ég. Líf mitt var svipað og annarra sem alast upp í stórum borgum, hvorki betra né verra, en mig langaði snemma til að skoða mig um í veröldinni, og ég er búinn að því, þótt minna hafi orðið úr því en ætlunin var í fyrstu.

— Hvað tekur við? Ég veit það satt að segja ekki. Ég hef kannski ekki frá svo miklu veraldlegu að hverfa í Eyjum, ég átti ekki hús þar, en ég elska Vestmannaeyjar, bæði af fegurð þeirra og



Sigurður Bjarnason

svo hinu, að þar hef ég átt góða daga. Verði ekki unnt að snúa þangað aftur í bráð, gildir það mig einu hvar ég dvel, ef góð atvinna og húsnæði er fyrir hendi.

Leopoldo talar dável íslensku, en Kristjana segist ekki tala mikið móðurmál eiginmanns síns, spönskuna, þótt hún skilji orðið töluvert.

— Hann getur ekki stillt sig um að hlæja að vitleysunum hjá mér, svo að ég þori ekki að tala spönskuna, þegar hann er nærri. Leopoldo segist vera ákveðinn í því að kenna Sylvíu spönskuna, og þá getum við talað saman þegar hann heyrir ekki til, segir Kristjana og hlær við.

— Ég hef ávallt haft samband við foreldra mína á Spáni, enda farið til þeirra af og til, seinast í sumar sem leið. Ef illa árar er ekki loku fyrir það skotið, að við flytjum út, þótt við kjósum öll að eiga heima á Íslandi.

— Og auðvitað fylgi ég honum, segir Kristjana.

emm.

NÝ VERZLUN

MÁLNINGARVERZLUN K. G. & CO.

opnar í nýju húsnæði, að Hafnargötu 80 (áður Matstofan Vík), laugardaginn 24. marz kl. 9.00.

Mikið úrval af nýjum vörum.

MÁLNINGARVERZLUN K. G. & CO.

Sími 2652

